

30/2017

Fyrri skjalsnúmer A 1721/holdbart
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin
Fylgiskjal A 1721/holdbart: Nefndartillaga um siglingaöryggi á hafsvæðum norðurslóða

Siglingaöryggi á hafsvæðum norðurslóða

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 2. nóvember 2017 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær efla öryggi á viðkvæmum hafsvæðum meðfram ströndum norðurslóða, á siglingaleiðum í innlendri lögsögu, til dæmis með því að skilgreina siglingaleiðir, aðgreina umferð úr gagnstæðum áttum og draga úr hraða;

*að þær vinni saman innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar við komandi endurskoðun á *Polar Code-sérkröfunum* til að efla siglingaöryggi á norðurslóðum;*

að þær vinni að banni gegn notkun þungolíu (HFO) í siglingum á norðurslóðum og með tímanum setji fram kröfur um að eldsneyti sem notað er í siglingum á norðurslóðum sé ekki skaðlegt fyrir umhverfi sjávar ef til losunar kemur;

að kortleggja björgunarviðbúnað á strandsvæðum norðurslóða, sem Norðurlöndin bera ábyrgð á, sem og þörfina á að efla björgunarþjónustuna og kanna hvort og þá hvernig siglingar í atvinnuskyni á svæðinu geti tekið þátt í kostnaði við eflingu björgunarþjónustunnar.

Kaupmannahöfn, 7. nóvember 2017

Britt Lundberg

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs